

Tillaga til þingsályktunar

um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum.

Flm.: Björgvin G. Sigurðsson, Mörður Árnason, Katrín Júlíusdóttir,
Össur Skarphéðinsson, Margrét Frimannsdóttir, Bryndís Hlöðversdóttir,
Jón Gunnarsson, Lúðvík Bergvinsson, Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Jóhann Ársælsson, Einar Már Sigurðarson, Kristján L. Möller,
Jóhanna Sigurðardóttir, Guðmundur Árni Stefánsson, Guðrún Ögmundsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Rannveig Guðmundsdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir, Helgi Hjörvar.

Alþingi ályktar að fela starfshópi skipuðum fulltrúum þingflokka, Samiðnar, Samtaka iðnaðarins, Iðnnemasambands Íslands, stéttarfélögum framhaldsskólakennara, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, ASÍ, og fulltrúa skólastjóra verknámsskólanna að semja tillögur um átak til að efla iðnnám, listnám og verknám í framhaldsskólum og um stofnun nýrra, styttri námsbrauta til starfsnáms.

Markmiðið er m.a. að draga úr brottfalli nemenda úr framhaldsskólum, eyða úreltri aðgreiningu á milli verknáms og bóknáms, endurskoða samsetningu náms í grunnskólum, efla framhaldsskólastigið markvisst og tryggja nægjanlegt framboð á verkmenntuðu fólki á atvinnumarkaði. Sérstaklega skal endurskoðað reiknilíkanið sem er notað til að deila út fjármagni til framhaldsskólanna.

Greinargerð.

Mikilvægt er að vinna að breytingum á íslensku skólakerfi sem taka sérstaklega á brottfalli nemenda úr framhaldsskóla og því mikla vandamáli sem það er fyrir viðkomandi einstaklinga og samfélagið allt. Til þess að þau markmið náist verður að eiga sér stað sértakt átak í iðn-, verk- og listnámi sem miðar að því að fjölgreindir nemendur fái að þroskast og gömlu skilin á milli bóknáms og verknáms máist út.

Samsetning náms íslensku þjóðarinnar er óheppileg og stendur uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs fyrir þrífum. Þjóðin er að sumu leyti ofmenntuð þar sem stærsti hluti vinnuafslins er annaðhvort með háskólamenntun eða grunnskólamenntun. Það vantar verk- og tækni-menntað fólk til að samsetning menntunar þjóðarinnar sé heilbrigð og eðlileg. Þetta kemur skýrt fram í greiningu Lilju Mósesdóttur sem hún kynnti á ráðstefnu ASÍ, „Atvinna fyrir alla“, 30. september 2003.

Prentað upp.

Mikið brottfall.

Eitt alvarlegasta vandamál íslensks skólakerfis er hið mikla brottfall nemenda úr framhaldsskóla sem ekki á sér samjöfnuð í öðrum vestrænum löndum. Má staðhæfa að eitt af brýnni viðfangsefnum stjórnmalanna sé að taka á þeim vanda og það telja flutningsmenn tillögunnar best gert með öflugum átaki til eflingar iðn-, verk- og listnámi.

Sem dæmi um brottfall nemenda má nefna að í nýútkominni skýrslu menntamálaráðuneytisins um styttingu náms til stúdentsprófs kemur fram að „af nemendum á fyrsta námsári í starfsnámi er stærsti hópurinn skólaárið 1997/1998, eða 2.579 einstaklingar, og sá minnsti skólaárið 1993/1994 eða 2.038 einstaklingar. Nemendur sem útskrifast með annað en stúdentspróf eru flestir skólaárið 1997/1998, eða 1.521 einstaklingur, og fæstir 1998/1999 eða 1.390 einstaklingar. Meðalfjöldi nemenda á fyrsta námsári er 2.259 en 1.441 brautskráður nemandi. Sýnir þetta mikinn mun á fjölda þeirra sem hefja starfsnám og ljúka því, eða mismun upp á 36% að meðaltali. Sambærilegur mismunur á fjölda nemenda sem hefja nám á stúdentsbrautum og öðrum bóknámsbrautum og ljúka stúdentsprófi er að meðaltali 58%.“ Þessar tölur tala sínu máli um það hve alvarlegt vandamál brottfall úr framhaldsskólum er og hve brýnt er að vinna gegn því.

Flutningsmenn tillögunnar leggja mikla áherslu á það að með eflingu starfsmenntanna væri tekið á þeim bráða vanda sem brottfall nemenda úr framhaldsskóla er í samfélaginu en það er samofið þeirri óheppilegu samsetningu sem er í menntun Þjóðarinnar. Samkvæmt tölum frá OECD útskrifast innan við 70% íslenskra framhaldsskólanema en meðaltalið er 82% innan OECD-ríkjanna og yfir 90% í Svíþjóð. Þetta mikla brottfall er einn stærsti vandi skólakerfis okkar og má rekja það að stórum hluta til ónógs framboðs á fjölbreyttu starfsnámi, lítillar kynningar á kostum þess og lítillar áherslu á iðn- og tæknimenntun í skólakerfinu öllu. Þá er mikilvægt að stórauka námsráðgjöf í framhaldsskólum, um leið og starfsnámið er eflt. Brottfall úr framhaldsskóla er áfall fyrir viðkomandi einstakling og algjörlega óviðunandi að skólakerfið bókstaflega ali slík áföll af sér með einhliða og úreltum áherslum á bóknámsgreinar á kostnað verknámsins.

Minnkandi aðsókn – skortur á iðnaðarmönnum.

Starfsmenntunin á í margvíslegum vanda sem lýsir sér m.a. í því að aðsókn að náminu hefur minnkað, að mestu leyti er hætt að kenna verklegar greinar á landsbyggðinni og framboð á starfsmenntun hvers konar hefur minnkað í fjölbrautaskólum landsins. Auk þess blasir við skortur á iðnaðarmönnum í einstökum greinum á næstu árum og það mun standa íslenskum iðnaði fyrir þrífum.

Sem dæmi um mikilvægi starfsmenntaðs vinnuafns má nefna að iðnaðurinn skapar miklar tekjur og þrjár af hverjum tíu krónum í landsframleiðslunni verða til í iðnaði. Tekjurnar verða til í hinum mörgu greinum iðnaðar: stóriðju, byggingariðnaði, matvælaíðnaði, trjávöruíðnaði, pappírsiðnaði, málmiðnaði, verktakastarfsemi, upplýsinga- og tækniiðnaði o.s.frv. eins og fram kemur í tölum Þjóðhagsstofnunar.

Vandinn í reiknilíkaninu.

Fjárhagsvandi starfsmenntunar á rætur sínar í reiknilíkani sem notað er til dreifingar á fjármagni til framhaldsskólanna. Líkanið skilar verknámi ekki því sem eðlilegt er til að hægt sé að halda því úti með sómasamlegum hætti. Við þessu hefur ekki verið brugðist, með þeim afleiðingum að aðsókn að einstökum greinum hefur minnkað, kennslu verið hætt í verklegum greinum í mörgum skólum og lítil þróun átt sér stað í stofnun nýrra, styttri námsbrauta. Ein

mikilvægasta undirstaða nýsköpunar í atvinnulífinu er gott starfsnám sem svarar kröfum tímans og er eftirsótt af ungu fólki.

Í yfirlýsingu frá Samtökum iðnaðarins í nóvember 2002 gagnrýna samtökin harkalega reiknilíkanið sem notað er við útteilingu fjár til framhaldsskólanna og segja það ónothæft mælitæki á fjárförf íslenskra framhaldsskóla, sérstaklega iðnskóla og verkmenntaskóla. Reiknilíkanið er óviðunandi vegna þess að það tekur ekki nægjanlegt tillit til þess að starfsnám er kostnaðarsamara en bóknámið. Því leggja flutningsmenn tillögunnar mikla áherslu á það að samhliða átakinu í iðn-, verk- og listnámi fari fram gagnger endurskoðun á reiknilíkaninu.

Samsetning náms í grunnskólum.

Það er áriðandi að gripið sé til markvissra aðgerða til að rétta hlut verknámsins. Samhliða aðgerðum verður að tryggja það fjármagn sem til þarf. Það mun hafa alvarlegar afleiðingar fyrir íslenskt atvinnulíf ef hnignun verknámsins heldur áfram og ekki verður gripið til markvissra aðgerða til að snúa þessari þróun við.

Samhliða átaki í kennslu og kynningu verknáms og fjölgun styttri námsbrauta þarf einnig að breyta uppbyggingu og samsetningu náms í grunnskólunum og gera list- og verknámsgreinum hærra undir höfði. Lítil verkleg kennsla á sér stað á grunnskólastiginu og fer því sáralítill kynning á kostum starfsnáms fram á því skólastigi. Afar áriðandi er að slík kynning fram fari þar enda grundvallaratriði að eyða þeim gamla greinarmun sem gerður var á bóknámi annars vegar og starfsnámi hins vegar. Þróunin er sú að sá greinarmunur á ekki lengur rétt á sér, enda á flæðið þar á milli að vera stöðugt og mikið. Til að skapa börnum jöfn tækifæri strax í grunnskóla þarf að byggja upp fjölbreyttara nám sem þroskar verkvitið samhliða bókvitinu.

Festast á jaðrinum.

Þeir sem ekki eiga kost á að verða sér úti um færni og menntun eru líklegir til að lenda á jaðri þekkingarsamfélags framtíðarinnar og festast í fátækt. Menntakerfi framtíðarinnar verður því að bjóða upp á sífella menntun, opinn skóla, þar sem einstaklingurinn á kost á að þjálfa upp nýja hæfni til að verða gjaldgengur á vinnumarkaði. Þetta er mjög brýnt og hafa ber í huga að hér á landi ljúka 40% hvers árgangs ekki framhaldsnámi, samkvæmt rannsóknnum við Háskóla Íslands. Færri stunda því nám á framhaldsskólastigi hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum. Einungis 56% Íslendinga á aldrinum 25–65 ára hafa lokið framhaldsskólaprófi en þetta hlutfall er 78% annars staðar á Norðurlöndum. Með öflugri sókn í starfsmenntun og fjölgun styttri námsbrauta, sem auðvelt er að bæta við síðar, mun þetta breytast hratt og örugglega til hins betra.

Virðing fyrir verknáminu.

Samhliða starfsnámsátakinu leggja flutningsmenn tillögunnar það til að fram fari öflugt kynningarátak á kostum iðn-, verk-, og listmenntunar og þeim möguleikum sem námið opnar til frekari náms og fjölbreyttra starfa. Einnig leggjum við áherslu á að það er mikilvægt framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn að iðnmeistaránám verði endurskoðað í þá veru að það sé sambærilegt við það sem best gerist erlendis og áhersla verði lögð á að samræma það á milli greina

Í kynningu á iðnnámi þarf að leggja megináherslu á að það er ekki andstæða langskólánáms og vinna þarf gegn því hvernig skorið er á milli verknáms og bóknáms. Iðnnám þarf að kynna sem áfanga á leið, eftirsóknarverðan áfanga, sem opnar nýjar leiðir og skapar

fjöldmörg tækifæri á vinnumarkaði til fjölbreyttra og vel launaðra starfa og ekki síður fjölmargar leiðir til áframhaldandi náms. Hvort heldur er tækni- eða háskólanáms. Það er eftirspurn eftir fólki með fjölbreytilega samsetningu náms og fjöldi starfa felur í sér blöndu af verklegri og bóklegri kunnáttu. En á meðan iðnnámið er fjársvelt og lítið kynnt og lítið kennt af iðngreinum í grunnskólum mun því halda áfram að hnigna, samfélaginu öllu til mikils skaða.

Þarfir atvinnulífs skilgreindar.

Til að byggja upp öflugt iðn-, verk-, og listnám þarf að skilgreina vel þarfir atvinnulífsins, sem og einstaklinganna. Í því ljósi er mikilvægt að skilgreina þarfirnar og móta námskrána með þær að leiðarljósi.

Fyrirtæki landsins á hverjum tíma verða að geta komið hæfniskröfum sínum inn í námskrána, í annan stað þurfa verkmenntaskólarnir að hafa aðstöðu, tæki og hæfni til að geta kennt samkvæmt þessum námskrám og í þriðja lagi þarf að vera aðgengilegt námsefni fyrir skólana til að kenna eftir en útgáfa á námsefni er fjarri því að vera í lagi vegna lítilla fjárframlaga til námsgagnagerðar. Á síðasta ári var sú upphæð 18,2 millj. kr. fyrir alla framhaldsskólana í landinu. Iðnú fær ekki nema brot af því. Þess vegna leggja flutningsmenn tillögunnar á það ríka áherslu að endurskoðun námsefnis eigi sér stað samhliða átakinu til eflingar náminu.

Nýtt tækifæri til náms.

Til að koma til móts við þá sem hafa ekki lokið námi úr grunn-, eða framhaldsskóla eða vilja bæta við menntun sína þarf að setja á kort menntamála „nýtt tækifæri til náms“. Sú hugmynd er útfærð í greinargerð með þingsályktunartillögu sem einn flutningsmanni, Einar Már Sigurðarson, lagði fram á 128. löggjafarþingi (þskj. 1154, 694. mál) og vísa flutningsmenn til þeirrar tillögu. Samfélagið skuldar þeim sem hafa horfið frá námi eða vilja bæta við menntun sína að dyrnar séu opnaðar og þeim gert kleift að bæta við menntunina eða nema eitthvað nýtt til að öðlast fleiri tækifæri á vinnumarkaði. Nýtt tækifæri í menntun á að byggjast á aðgengilegu grunnnámi, framhaldsnámi, starfsnámi eða námstilboðum fyrir þá sem vilja bæta við sína fyrri menntun eða hasla sér völl á nýjum sviðum.

Iðnmeistaránám endurskoðað.

Um leið og starfsmenntun framhaldsskólanna er endurskoðuð og efla er mikilvægt að líta til iðnmeistaránámsins. Það er nauðsynleg viðbót við grunnmenntun í iðngreinum og aðgengi að því þarf að vera gott. Svo er ekki nú í öllum greinum og talsvert misræmi á milli meistaránáms í einstökum iðngreinum. Náms tími er mjög misjafnlega langur og áriðandi að samræma hann eins og hægt er með sannfærandi hætti. Í þessu felst sú hætta að nýliðun verði lítil og eftir ákveðinn tíma verði um alvarlegan skort á iðnmeisturum að ræða. Fyrst og fremst er þetta réttlætismál en ósannngjarnt er að námið sé miklu lengra, og þar með miklu dýrara, hér en annars staðar. Einnig þarf að horfa til samræmis á milli landa. Það er mikilvægt hagsmuna- og framfaramál fyrir íslenskan iðnað og íslenska iðnaðarmenn að meistaránám verði endurskoðað í þá veru að það sé sambærilegt við það sem best gerist erlendis.